

um bætur fyrir. Þær hefir stefndi metið 150 kr., en áfrýjandi telur þá upphæð of háa. Með tilliti til þess að skaðabótakrafan virðist vera miðað við verð heysins, er það var slegið og hirt, þykir hæfilegt að meta bæturnar 120 kr., er áfrýjandi greiði stefnda. Vaxta hefir stefndi eigi krafist. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist.

Áfrýjandi þykir og eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Þorbergur Tómasson, greiði stefnda Jóhannesi Þórarinssyni 120 krónur. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 30 kr.

Dóminum skal fullnægja, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 22/1915.

Ágúst Gíslason, Jón Jónsson,
Guðmundur Helgason, Sigríður
Johnsen og Þórána Ögmundsdóttir
gegn

Jóni Jónssyni, Bergmundi Arn-
björnssyni, Arnbirni Ögmundssyni
og Sigurði Ólafssyni.

D ó m u r:

Hinn 3. febr. 1914 kom vélarbáturinn Geysir í Vestmannaeyjum úr fiskiróðri, en með því að vélin í bátnum var í ólagi, hafði formaðurinn á bátnum, Sigurður Jónsson, orðið að skilja eftir nokkuð af lóð sinni. Þegar í land kom, fekk Sigurður Guðmund Guðmundsson formann á vélarbátnum Ísak til að fara út til að ná lóðinni, og fór Sigurður á bátnum með honum til að vísa á lóðina. — Síðan hefir ekki spurzt til báts þessa, og verður því að ætla, að hann hafi farist með allri áhöfn þar á meðal formönnunum báðum. Vélarbáturinn Ísak var óváttrygður fyrir sjóþjóni. Eigendurnir að $\frac{7}{10}$ hlutum í bát þessum, hinir stefndu Jón Jónsson, Bergmundur Arnbjörnsson, Arnbjörn Ögmundsson og Sigurður Ólafsson héldu því fram, að eigendur vélarbátsins Geysis, áfrýjendur þessa máls, þau Ágúst Gíslason, Jón Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigríður Johnsen og Þórána Ögmundsdóttir, ættu að bera ábyrgð á því tjóni, sem varð við það, að báturinn Ísak fórst — bæði beinu og óbeinu. — Höfðuðu þeir því skaðabótamál gegn áfrýjendum fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu og kröfðust þess, að þeir væru dæmdir til þess in solidum að bæta þeim tjón þeirra með 4200 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði að skaðlausu. Lauk máli þessu svo með dómi aukaréttarins 3. marz þ. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til að greiða hver fyrir sig 420 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hafa áfrýjendur skotið til yfirdóms-
ins með stefnu, dags. 13. marz f. á., og hafa þeir
krafist þess, að aukaréttardóminum verði hrundið og
breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af kærnum og
kröfum hinna stefndu og að þeim verði tildæmdur
málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi eftir mati
réttarins.

Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu
dags. 15. júlí f. á., og krefjast þeir þess, að dóminum
verði breytt þannig, að kröfur þeirra fyrir undirrétti
verði að öllu leyti teknar til greina og þeim til-
dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati
réttarins.

Dómkröfu sína byggja gagnáfrýjendur á því, að
Sigurður heitinn Jónsson hafi fengið vélarbátinn Ísak
lánaðan til að sækja veiðarfæri þau, er Geysir varð
að skilja eftir, og að formannsstaðan hafi veitt Sig-
urði heitnum heimild til þess að fá bátinn lánaðan
til umræddrar ferðar á ábyrgð eigendanna. Það sé
venja í Vestmannaeyjum, að bátar séu lánaðir ókeypis
til slíkra ferða, en eins og lántakendur beri alla
ábyrgð á lánuðum hlut, eins verði aðaláfrýjendur, sem
bundnir séu við rádstöfun formanns þeirra, að greiða
skaðabætur fyrir hinn týnda bát svo og skaðabætur
fyrir aflatjón, er af bátstapanum hafi leitt.

Um það, hvað formönnum hefir farið á milli, er
eigi annað upplýst en það, að tveir menn hafa gefið
vottorð, er þeir síðan hafa staðfest fyrir rétti, um
það, að Sigurður Jónsson, formaður á Geysi, hafi
beðið Guðmund Guðmundsson, formann á Ísak, að
lána sér bátinn til að sækja fyrir sig línu; segir í

öðru vottorðinu, að Guðmundur hafi svarað, að hann hefði ekki umráð yfir bátnum í annara þarfir nema að fá leyfi hjá eigendunum; hvort slíkt leyfi hafi verið fengið er eigi sannað, en nokkru á eftir lagði Guðmundur af stað á Ísak og Sigurður með honum. Þótt í vottorðum þessum sé talað um, að Sigurður hafi beðið formanninn á Ísak um að lána sér bátinn, verður þó eigi álitid, að hér hafi verið um lán að ræða í eiginlegum skilningi, heldur verður að lita svo á, að formaðurinn á hinum týnda bát hafi tekið að sér með bát sínum og mönnum að gera tilraun til að bjarga veiðarfærum Geysis. En þótt hér væri um eiginlegt lán að ræða á hinum týnda bát, þá yrði þó ekki á þeim lagareglum, sem gilda um lán, bygð nein ábyrgð á hendur Sigurði heitnum og þá enn síður á hendur öðrum eigendum bátsins og það þegar af þeirri ástæðu, að ekkert er fram komið í málinu, sem bendi til, að báturinn hafi farið undan stjórn og umsvari Guðmundar heitins Guðmundssonar í umræddri ferð.

Ekkert er upplýst um það í máli þessu, að Sigurður Jónsson hafi sérstaklega lofað að taka ábyrgð á vélarbátnum í þessari ferð, en slík ábyrgð lá engan veginn í því að biðja formanninn um að gera umrædda tilraun til að bjarga veiðarfærum Geysis, en þótt Sigurður heitinn fyrir hönd eigenda bátsins hefði tekist slíka ábyrgð á hendur, verður að lita svo á, að formannsstaðan hafi ekki gefið honum neina heimild til þess að skuldbinda meðeigendur sína á þennan hátt, og átti formanni Ísaks að vera það ljóst, að Sigurður hafði enga heimild til þess án sérstaks umboðs, en það liggur ekki fyrir hér, þar sem það er

viðurkent, að eigendum Geysis var alveg ókunnugt um þessa ráðstöfun formannsins.

Þar sem samkvæmt framansögðu engin heimild var til þess að dæma aðaláfrýjendur til skaðabóta fyrir bátstapann, ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna aðaláfrýjendur af kærnum og kröfum gagnáfrýjenda. Eftir þessum úrslitum virðist rétt, að gagnáfrýjendur greiði þeim málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Ágúst Gíslason, Jón Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigríður Johnsen og Þórunna Ögmundsdóttir, eiga að vera sýkn af kærnum og kröfum gagnstefndu Jóns Jónssonar, Bergmundar Arnbjörnssonar, Arnbjörns Ögmundssonar og Sigurðar Ólafssonar í máli þessu.

Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti greiði gagnstefnendur aðaláfrýjendum 80 kr. in solidum, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.